

Nd.

478. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1942.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., borið það saman við ríkisreikninginn og leggur til, að það verði samþykkt með leiðréttingu á einni lölu, sem er röng í frv.

Í sambandi við afgreiðslu þessa frv. vill nefndin vekja athygli á þeirri þál. um endurskoðun og samþykkt ríkisreikninganna, sem afgreidd var frá sameinuðu Alþingi 16. febr. 1945. Í þeirri ályktun var skorað á ríkisstjórnina að hraða útgáfu ríkisreikningsins meira en gert hefur verið að undanfögnu, og er þess að vænta, að innan skamms sjáist árangur af þeirri ályktun Alþingis.

Um athugasemdir endurskoðenda verður rætt í framsögu.

Nefndin leggur því til að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Í stað „kr. 73 978 812.42“ í 1. tölul. I, komi: kr. 73 978 812.46.

Alþingi, 25. febr. 1946.

Ásg. Ásgeirsson,
form.

Ingólfur^h Jónsson,
fundaskr.

Skúli Guðmundsson,
frsm.

Hallgr. Benediktsson.

Einar Olgeirsson.